

153. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar, haldinn í Aratungu þann 19. september 2014 kl. 09:30.

Mætt: Valgerður Sævarsdóttir, formaður, Helgi Kjartansson, Óttar Bragi Þráinsson og Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir til staðfestingar:

- 1.1. 34. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar. Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 7. fundur stjórnar þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks.
- 2.2. 8. fundur stjórnar þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks.
- 2.3. 483. fundur stjórnar SASS.
- 2.4. Minnispointar fundar oddvita og sveitarstjóra, dags. 25. ágúst 2014.
- 2.5. 2. fundur NOS, dags. 4. september 2014.
- 2.6. 818. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. Úthlutun lóða; umsókn PEP Housing ehf um byggingarlóðir við Skólabraut, Reykholti.

Lögð fram lóðarumsókn PEP Housing ehf sem móttekin var þann 1. september 2014. Jafnframt var lagt fram bréf frá umsækjanda ásamt frumdrögum að útlitsteikningum. Í bréfi umsækjanda kemur fram að sótt er um lóðirnar 6 og 8 við Skólabraut í Reykholti. Umræddar lóðir hafa verið auglýstar lausar til umsóknar hjá Bláskógabyggð. Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að úthluta umræddum byggingarlóðum til PEP Housing ehf skv. reglum Bláskógabyggðar um úthlutun byggingarlóða og skv. samþykkt um gatnagerðargjald í þéttbýli í Bláskógabyggð.

4. Tillaga að nýrri reglugerð um starfsemi slökkviliða.

Lagt fram bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 1. september 2014 ásamt afriti af bréfi Mannvirkjastofnunar til ráðuneytisins um tillögur mannvirkjastofnunar að reglugerð um starfsemi slökkviliða. Einnig var lagt fram tölvuskeyti frá Brunavörnum Árnassýslu, dags. 16. september 2014, um sama efni. Í skeyti BÁ kemur fram hugmynd að BÁ muni senda inn umsögn eða áhersluatriði varðandi fyrirbyggjandi drög að reglugerð. Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fela fagraði BÁ að senda inn umsögn fyrir hönd Bláskógabyggðar.

5. OneSystem; ákvörðun um kaup á viðbót við núverandi kerfi - OneMeeting.

Sveitarstjóri kynnti hugmyndir og tilboð OneSystem um upptöku á kerfiseiningunni OneMeeting og OnePortal sem viðbót við málakerfi sem Bláskógabyggð hefur verið áskrifandi að undanfarin ár. Kaupverð er kr. 50.000 +VSK fyrir hvort kerfi. Mánaðarlegt uppfærslu-, viðhalds- og þjónustugjald fyrir OneMeeting er kr. 8.900 + VSK en kr. 14.950 + VSK fyrir OnePortal. Einnig bætist við kostnaður við uppsetningu kerfanna, en búast má við 6 stunda vinnu við það. Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að kaupa viðbót, OneMeeting og OnePortal, við núverandi kerfi og felur sveitarstjóra að ganga frá samningum þar af lútandi.

6. Tölvuskeyti Péturs Skarphéðinssonar dags. 4. september 2014; gatnagerð - Langholtsvegur.





Lagt fram tölvuskeyti Péturs Skarphéðinssonar þar sem óskað er eftir heimild til að lagfæra og bera í veg að húsi sínu við Langholt 3, Laugarási, og að kostnaður við verkefnið muni ganga á móti gatnagerðargjaldi þegar það verður lagt á lóðina.

Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að heimila lagfæringu á veginum að Langholti 3, að höfðu samráði við sviðsstjóra Þjónustu- og framkvæmdasviðs Bláskógabyggðar, og að sá kostnaður muni ganga á móti gatnagerðargjaldi við álagningu þess á umrædda lóð. Nauðsynlegt er að huga að hönnun vegarins og tryggja það að þær framkvæmdir sem ráðist verði í muni nýtast til lokafrágangs á umræddum vegi.

7. Efni til kynningar:

- 7.1. Bréf frá Leiðir verkfræðistofu, móttakið 9. september 2014; kynning á Bergrisanum.
- 7.2. Bréf Sóknar lögmannsstofu, dags. 2. september 2014; kynning á þjónustu Sóknar.
- 7.3. Bréf SASS, dags. 8. september 2014; þróun almenningsgangna á Suðurlandi 2010 - 2014.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

 Valgerður Sævarsdóttir	 Helgi Kjartansson
 Óttar Bragi Þráinsson	 Valtýr Valtýsson